



Alþingi
Nefndasvið Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 26.9.2019
Tilvísun: 201909-0007

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), 8. mál.

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum (aðgengi að sálfræðiþjónustu og annarri klínískri viðtalsmeðferð), 8. mál.

Alþýðusambandið tekur heilshugar undir markmið frumvarpsins um að sálfræðiþjónusta verði veitt á sömu forsendum og önnur heilbrigðisþjónusta með aukinni greiðsluþátttöku ríkisins enda mjög brýnt að tryggja aðgengi allra að sálfræðimeðferð og annarri geðheilbrigðisþjónustu óháð efnahag.

ASÍ telur að skilvirkasta og hagkvæmasta leiðin til þessa sé að auka aðgengi að þjónustunni innan heilsugæslunnar, á göngudeildum og innan skólakerfisins.

Virðingarfyllst,

Henny Hinz
hagfræðingur ASÍ